



– fyrir íslenska verslun

Nefndarsvið Alþingis  
B.t. Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember, 2008

## **Efni: Umsögn FÍŠ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga**

### **I. Almennt**

Vísað er til erindis háttvirtar efnahags- og skattanefndar Alþingis dagsett 10. desember 2008 þar sem óskað er umsagnar FÍŠ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga (starfrækslugjaldmiðill).

FÍŠ telur að umrætt frumvarp sé til mikilla bóta. FÍŠ telur einnig að ganga megi lengra í þessum efnum varðandi tilslökun á reglum um starfrækslugjaldmiðil.

### **II. Skilyrði 8. gr.**

FÍŠ vill góðfúslega benda á að um tíma hafa skilyrði 8. gr. ársreikningalaga verið ákveðnum félögum óeðlilegur fjötur um fót. Er hér um að ræða félög sem eiga mikið í félögum sem hafa heimild til að semja ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðli. Hingað til hafa hlutir í slíkum félögum ekki talist erlend eign og því hafa eignarhaldsfélögin oft á tíðum ekki getað samið ársreikninga sína í erlendum gjaldeyri þrátt fyrir að eignarandlagið geti það.

Til að rétta þá skekkju sem þetta hefur skapað leggur FÍŠ til að eftirfarandi breyting verði gerð á frumvarpinu:

*„Við 8. gr. laganna bætist ný mgr.:*

*Eignarhlutar í íslenskum félögum sem hafa heimild til að semja ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðli má telja sem erlenda eign.”<sup>1</sup>*

FÍŠ telur að með þessari eðlilegu breytingu megi koma fjölda félaga til bjargar á þessum erfiðu tímum.

---

<sup>1</sup> Breytingartillaga FÍŠ í rauðu letri.



– fyrir íslenska verslun

### III. Annað

Að lokum áskilur FÍŚ sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Páll Rúnar Mikael Kristjánsson hdl.  
Lögfræðingur Félags Íslenskra Stórkaupmanna  
Netfang: [pall@fis.is](mailto:pall@fis.is)